

Upplýsingar um sjálfbærni

Dagsetning: 1.6.2023

Grunnupplýsingar og afurð

Lífswerk 1, séreignaleið Lífswerks lífeyrissjóðs
Lífswerk lífeyrissjóður, kt. 430269-4299, Engjateigi 9, 105 Reykjavík, s: 575 1000.
Netfang: lifsverk@lifsverk.is, heimasíða www.lifsverk.is.

Lífswerk lífeyrissjóður heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Yfirlýsing

Þessi fjármálaafurð uppfyllir skilyrði 6. gr. í reglugerð (ESB) 2019/2088¹ um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu.

Undirliggjandi fjárfestingar séreignaleiðarinnar taka ekki tillit til viðmiða ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.²

Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti

Þessi fjármálaafurð tekur ekki tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærniþætti³ við fjárfestingarákvarðanir. Sjóðurinn telur sig ekki geta framkvæmt fullnægjandi mat á neikvæðum áhrifum fjárfestinga sinna á sjálfbærniþætti á meðan ófjárhagslegar upplýsingar eru enn af skornum skammti og gæði þeirra oft á tíðum ófullnægjandi.

Áhætta tengd sjálfbærni

Áhætta tengd sjálfbærni er skilgreind sem atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Þessi áhætta getur aukið sveiflur í ávöxtun. Við mat á sjálfbærni er horft til viðmiða um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS viðmið) og koma þau á margþættan hátt inn í ákvarðanatöku og áhættumat fjárfestinga. Tekið er tillit til áhættu tengdrar sjálfbærni í fjárfestingarferli þar sem útgefendur verðbréfa eru metnir með tilliti til umhverfis- og félagslegra þátta auk stjórnarháttá þegar við á.

Að mati Lífswerks lífeyrissjóðs kann áhætta tengd sjálfbærni að hafa neikvæð áhrif á ávöxtun séreignaleiðarinnar en ekki meiri en á aðrar sambærilegar fjármálaafurðir. Lífswerk lífeyrissjóður telur að innri ferlar komi í veg fyrir að eignasafnið verði óásættanlega berskjaldað gagnvart sjálfbærniáhættu.

Aðrar upplýsingar

Nánari upplýsingar um Lífswerk 1 má finna á www.lifsverk.is.

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu.

² Viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi koma fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088.

³ Í 24. tölul. 2. gr. Reglugerðar (ESB) 2019/2088 eru "sjálfbærniþættir" skilgreindir sem "umhverfis-, félags- og starfsmannamál, virðing fyrir mannréttindum, spilli og mútumál".